



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81 · IS-101 Reykjavík · Sími 595 1111 · Fax 595 1112  
fg@ki.is · www.ki.is

## Ársfundur FG 4. – 5. maí 2017

### Haldinn í Fróða sal KÍ á Flúðum

#### Mættir:

Ólafur Loftson (ÓL), Guðbjörg Ragnarsdóttir (GR), Mjöll Matthíasdóttir (MM), Kolbrún Guðmundsdóttir (KG), Geirlaug Ottósdóttir (GO), Hulda María Magnúsdóttir (HMM), Rósa Ingvarsdóttir (RI), Guðbjörg Íris Atladóttir (GÍA), Hulda Hauksdóttir (HH), Anna Lena Halldórsdóttir (ALH), Sigurhanna Friðþórsdóttir (SF), Margrét Þórisdóttir (MP), Nanna María Elfarsdóttir (NME), Páll Erlingsson (PE), Baldur Þorsteinsson (BP), Lára Guðrún Agnarsdóttir (LGA), Sigrún Ásmundsdóttir (SÁ), Inga María Friðriksdóttir (IMF), Svava Þ. Hjaltalín (SÞH), Bergmann Guðmundsson (BG), Elís Þór Sigurðsson (EPS), Sigríður Helga Ármannsdóttir (SHÁ), Rákel Brynjólfsdóttir (RB), Sigurður Halldór Jesson (SHJ), Elín Thorarensen (ET), Kristgerður Garðarsdóttir (KG) og Hrafnhildur Svendsen (HS).

#### Dagskrá ársfundar:

1. Fundur settur
2. Val á fundarstjóra og fundarritara
3. Ársskýrsla stjórnar
4. Ársreikningar
5. Starfsáætlun stjórnar
6. Önnur má

#### Dagskrá:

##### Fimmtudagur:

08:30 - 10:00 Skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2016. Lagt fram til kynningar og umræðu  
10:15 - 11:30 Kynning á helstu málefnum Vonar-, Orlofs- og sjúkrasjóðs. Umræður og fyrirspurnir.  
11:30 - 12:30 Kynning á málefnavarfi fundarins sem mun síðan standa fram að kvöldmat  
12:30 - 13:15 Matur  
13:15 - 17:00 Málefnavarfi (með kaffihléi)  
17:00 – 19:00 Hlé á vinnuhópum  
19:00 Hátíðarkvöldverður

##### Föstudagur:

09:00 - 12:30 Samantekt og umræður um málefnavarfi  
12:30 - 13:00 Matur  
13:00 - 14:00 Frágangur  
14:00 - 15:30 Heimferð á Kennarasambandið

## Dagskrá ársfundar

Ólafur setur fundinn og býður fólk velmið og fer yfir hverjir eigi seturétt á fundinum. Framundan er aðalfundur og þing og mikið af málefnum sem þarf að ræða á ársfundinum. Farið yfir dagskrá fundar. Fundarmenn kynna sig.

### Kosning starfsmanna

Fundarstjóri Mjöll Matthíasdóttir, fundarritari Guðbjörg Ragnarsdóttir. Mjöll tekur við stjórn fundarinnar og býður gesti velkomna.

Þessir dagar nýttir til að skoða hvað er framundan á næstu málum.

Þarf að ræða með þessum hópi til að marka sýn varðandi KÍ. Viljum heyra hvert ársfundurinn stefnir. Skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2016. Lagt fram til kynningar og umræðu

Mjöll kosin sem fundarstjóri og Guðbjörg sem ritari.

Mjöll tók við fundarstjórn, bauð fundargesti velkomna og hóf lestur á lögum um ársfundi.

### Skýrsla stjórnar

ÓL flutti skýrslu stjórnar sem send var í tölvupósti til þátttakenda

- Rætt um umræðu í tengslum við kjarasamninga bæði hvað varðar orðræðu og hve lítið hafi verið um ábendingar um hvað ætti að gera í staðinn og hvernig. Mikilvægt er að umræða í komandi samningum verði á þann hátt að ef að fólk er ekki sammála þá segir það hvers vegna og komi með ábendingar um hvað væri þá betra að gera.
- Farið yfir launahækkunar frá 2014 til 2017 en laun hafa hækkað verulega á þeim tíma ef afsal er undanskilið.
- Farið yfir tímalínu vegna kosninga

Ólafur þakkar öllum fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

### Umræður um skýrslu stjórnar

- Rætt um mikilvægi þess að vera jákvæður og horfa fram á við
- Ánægja með þátttöku í síðustu kjarasamningum
- Ólafi þakkað fyrir störf sín í þágu félagsins

### Ársskýrsla samþykkt samhljóða

### Reikningar lagðir fram til kynningar

Mjöll Matthíasdóttir kynnti helstu niðurstöður reikninga FG og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Það er snúið að gera áætlun til svo langs tíma og var þetta í fyrsta sinn sem tímabilið spannar fjögur ár. Stjórn, nefndir og erindrektur var afar mikill á árinu 2016 vegna kjarasamninga. Þá voru skorin niður framlög til svæðafélaga.

### Umræður um reikninga

Umræður um auka greiðslur til trúnaðarmanna upp á 15.000 kr.

Ársreikningar samþykktir án athugasemda.

## Kynning á helstu málefnum Vonar-, Orlofs- og sjúkrasjóðs. Umræður og fyrirspurnir

### Orlofssjóður

Elís kynnti samþykktir frá KÍ þinginu og greindi frá framkvæmd þeirra. Búið er að vinna í öllum ályktunum en ytri aðstæður gera það að verkum að erfitt er að fjölga gistingarúrræðum hérlendis. Verið er að skoða hvað hægt er að gera þegar fólk þarf á húsnæði að halda vegna veikinda. Að öðru leyti hefur gengið vel að vinna samþykktirnar.

Mikið er talað um að dýrt sé að leigja orlofshús hjá KÍ. Það eru nokkur atriði sem valda því þ.e. það er meiri þjónusta í húsum KÍ en víða annars staðar og boðið hlutfallslega upp á fleiri hús. Framlag til félaga KÍ er 0,25% af heildarlaunum en hjá öðrum er það 0,5 upp í 1,8%.

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands lagði fyrir viðhorfskönnun á netinu í febrúar. Könnunin var send á allaf félaga KÍ en svör bárust frá 2017. Þar komu fram ýmis atriði sem hægt er að hafa að leiðarljósi til framtíðar.

Verið að bjóða teikningar til útboðs fyrir hús á Flúðum og selja á gömlu húsið í haust. Búð að bæta aðgengi fyrir fatlaða.

### Umræður

Mikilvægt er að að útskýra fyrir félagsmönnum hvers vegna leiguverð er hærra hjá KÍ en öðrum.

### Sjúkrasjóður

Margrét fer yfir fjármál sjóðsins. 0,75% framlag kemur frá atvinnurekanda og eru það tekjur sjóðs. Mikið fjármagn fer úr sjóðnum, en það eru einkum aukning á langtíma veikindum félagsmanna sem gerir það að verkum að sjóðurinn hefur farið fram úr fjárhagsáætlun.

### Umræður

Spurt var hvort að það geti gerst að sjóðurinn standi ekki undir sér. Því var svarað játandi nema að greiðslur í sjóðinn hækki. Það er vert að athuga hvers vegna svo margir veikjast alvarlega. Bent var á mikilvægi forvarna hjá sveitarfélögum þar sem sjúkrasjóðurinn hefur ekki bolmagn í slíkt. Þá var rétt um tvísköttun og mikilvægi þess að breyta skattalögunum.

Mikilvægt er að velta fyrir sér hver tilgangur sjúkrasjóðs er. Hvernig viljum við hafa hann og hvernig á að forgangsröðun. Þá þarf aukið fjármagn í forvarnir og í sjúkrasjóðinn sjálfan á meðan þörfin er svo mikil.

### Vinnudeilusjóður

Baldur greindi frá því að mikil vinna hefur farið í að skoða hvernig hægt sé að koma í veg fyrir tvísköttun á peningum. Hugmyndir eru eru uppi um að fara í átak með öðrum til að auka þrýsting á að þetta verði leiðrétt.

Sjóðurinn stendur ágætlega. Fjárvörsluráð ræður hvernig peningar eru ávaxtaðir.

## Vonarsjóður

Ólafur kynnti sjóðinn í forföllum Theódóru. Það liggur fyrir að sjóðurinn á of mikið fjármagn og því eru uppi hugmyndir um að endurskoða úthlutunarreglur

## Fræðslu- og kynningarsjóður

Mun færri sóttu í sjóðinn en gert var ráð fyrir. Því þarf að skoða aðrar leiðir. Eftirfarandi hugmyndir hafa komið fram og þarf að ræða:

- a. Rafræn dagbók fyrir kennara
- b. Kennararáðgjafi (ábending að tala við við ráðgjafa Elín upplýsir)
- c. Starfendarannsóknir
- d. Útgáfumálin
- e. Kennara- og nemendaskipti við Kanada
- f. Tímastjórnun - halda námskeið/gefa út efni
- g. Annað

## Málefni KÍ

Umræður um skýrslu Capacent um málefni KÍ. Einnig er verið að ræða hugmyndir um leiðir til að tengja kennaranema við KÍ.

## Vinnuhópar

Þrjú hópar. Hver hópur fer á allar stöðvarnar.

Stöð eitt Fræðslu og kynningarsjóður

Stöð tvö sjóðir

Stöð þrjú málefni KÍ

## Samantekt vinnu vinnuhópanna

### Fræðslu- og kynningarsjóður

Starfendarannsóknir

Mikilvægt er að hafa skýran ramma um þetta verkefni. Halda þarf kynningarfundum og stutt námskeið á neti. Æskilegt væri að tengja það MA nám. Áætlað að ýta þessu úr vör haustið 2017.

Kennararáðgjafar/Mentor/Lærimeistari

Kennsluráðgjafi þarf að hafa menntun sem handleiðari og kennari. Viðkomandi væri kennurum til trausts og halds, svaraði síma og gæti komið í skólana. Ef að hann sér/heyir af spennandi verkefnum í skólunum myndi hann koma því á framfæri við stjórn FG. Síðan væri hægt að hafa opið hús þar sem viðkomandi kynnir verkefni sín fyrir öðrum kennurum/náms- og starfsráðgjöfum.

Dagbókarapp

Það er óþarft að mati hópsins.

Útgáfa bóka

Almennur áhugi fyrir því að gefa út bækur annað hvert ár. Þörf er á minni handbókum sem gefnar væru út reglulega í ritroð.

Kennarar hafa kallað eftir efni um tímastjórnun. Ein bók í ritróðinni gæti fjallað um hana og þá væri hægt að gera stutt myndband um það efni. Ákveðið að skoða hvað efni á að taka fyrir í þessum heftum.

Kennara og nemendaskipti

Fólki leyst vel á kennaraskipti til Kanada. Það þyrfti að auglýsa eftir sveitarfélögum til að taka þátt. Ákveðið að vinna betur í þessum þætti

Nýjar hugmyndir

Betra upplýsingastarf til félagsmanna. Leita til fagmanna

- Youtube
- Bæklingar frá Alberta
- Kynningarfulltrúi um kjarasamning í alla skóla þar sem trúnaðarmenn miðla ekki upplýsingum rétt
- Spurt og svarað á heimasíðu
- Kynningarmyndbönd vegna framboðs
- Sækja um í sjóðinn pening til að lækka starfshlutfall til að sinna námi eins og hjá hjúkrunarfræðingum. Gæti síðar farið inn í kjarasamning.
- Ráða Þórkötlu til að fara hringinn og halda fyrirlestur um eitthvað gagnlegt fyrir kennara.

Mikilvægt er að fá útgáfusvið með okkur í þessa vinnu.

Sjóðir

Orlofssjóður

Það er mikilvægt að fólk fái upplýsingar um það hvernig sjóðurinn er fjármagnaður og hvaða sýn hann hefur. Umræður um hvar kaupa eigi eignir í Reykjavík. Skoða þarf möguleika á að hækka framlag í sjóðinn.

Sjúkrasjóður

Það er afar mikilvægt að auka fjármagn frá sveitarfélögum í þennan þátt og fellur það í hlut samninganefnda.

Mikilvægt er að kanna hvers vegna svo margir innan KÍ eru í langtíma veikindum.

Almennar umræður um sjóðinn.

Vonarsjóður

Í ljósi gagna um nýtingu ferðastyrks innan lands voru allir á því að fella út ferðstyrk og hækka upphæð í sameiginlegan sjóð.

Umræður um hvatningarstyrk þannig að kennari getur minnkað starfshlutfall til að sinna háskólanámi.

Málefni KÍ

Fórum yfir ýmis mál sem snúa að innviðum KÍ og stefna FG mörkuð í þeim efnunum. Það er mikilvægt að stuðla að breytingum sem gerir það að verkum að þekking og kunnátta sé til staðar í húsinu þrátt fyrir mannabreytingar.

Hugmyndin um að kennaranemar fái gögn og boð á þing og fundi hlaut hljómgrunn.

## Önnur mál

Umræður um skipulag haustþinga og mikilvægi þess að gefa félagsmönnum tækifæri til að ræða áherslur í komandi kjarasamningum. Svæðaformenn skipuleggja hvernig þeir ætla að funda með sínu fólki.

Stjórn FG falið að kanna þennan vanda sem við höfum verið að lenda varðandi meðferð á trúnaðarmannaupplýsingum. Vitnað í trúnaðarmannafundi á meðan það á sér stað. Er þetta að samrýmast þessu hlutverki að vera trúnaðarmaður. Snýst ekki um skoðanir fólks heldur þegar er talað beinlínis gegn því á opinberum vettvangi og trúnaðarleka.

Funda á með stjórn KÍ og Aðalbirni hvernig á að breyta netumræðum á þann veg að fjallað verði um málefni og leiðir til lausna í stað þess anda sem nú ríkir.

## Ályktanir

### Bókun 1

Bókun um að beina því til stjórnar KÍ að sameina stéttarfélögin í að beita Alþingi þrýstingi vegna gegn skattlagningar á sjóði stéttarfélaga (tvísköttun og að skatta sjúkrasjóð).

### Bókun 2

Ársfundur Félags grunnskólakennara, haldinn á Flúðum

dagana 4. og 5. maí 2017, samþykkir eftirfarandi ályktun:

### **Bregðast þarf strax við kennaraskorti**

Ársfundur FG hvetur ríki og sveitarfélög til að bregðast strax við þeim alvarlega kennaraskorti sem blasir við í grunnskólum landsins á næstu árum, verði ekkert að gert. Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar og í rannsóknum að sterkar vísendingar séu um alvarlegan kennaraskort innan fárra ára. Jafnvel þótt kennaranemum muni fjölga margfalt þá dugir það ekki til. Varað er við fráleitum hugmyndum um að kennaranámið verði stytta úr fimm árum í þrjú sem lausn á yfirvofandi vanda.

Hérlendis eru um 10 þúsund menntaðir grunnskólakennarar og er helmingur þeirra í öðrum störfum. Þrátt fyrir þennan fjölda menntaðra kennara er þörf er á fimm þúsund kennurum að lágmarki til að manna skóla landsins. Þessir 10 þúsund grunnskólakennarar hafa allir lokið þriggja ára námi og sú staðreynd hefur ekki orðið til þess að þeir velji sér kennslu sem ævistarf. Nýliðun er lítil, brottfall úr starfi er mikið, meðalaldur hækkar og undanþágum til kennslu fjölga ár frá ári.

Meginverkefni ríkis og sveitarfélaga verður að vera að tryggja að þeir sem hefja kennslu, haldist í starfi og eins þarf að laða þá, sem nú þegar hafa réttindi til kennslu, til starfa ef ekki á illa að fara. Það þarf ekki margar nefndir til að komast að til hvaða aðgerða þarf að grípa. Gera þarf laun kennara samkeppnishæf og laga stórlega starfsaðstæður þeirra. Með þessum hætti má snúa hinni alvarlegu þróun og yfirvofandi kennaraskorti við. Málið þolir enga bið.

## Bókun 3

Ársfundur Félags grunnskólakennara, haldinn á Flúðum dagana 4. og 5. maí 2017, samþykkir eftirfarandi ályktun:

### **Ákvörðun Alþingis um breytingar á lögum um lífeyrissjóði**

#### **opinberra starfsmanna hörmuð**

Ársfundur Félags grunnskólakennara harmar þá ákvörðun Alþingis Íslendinga að samþykkja breytingar á lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna í andstöðu við samkomulag þar um frá því í september 2016. Megininntak þess samkomulags var að öll áunnin réttindi sjóðfélaga skyldu að fullu tryggð og að launajöfnun ætti sér stað milli hins opinbera og almenna markaðarins fyrir samsvarandi störf. Með samþykkt Alþingis er ekki víst að áunnin réttindi séu tryggð að fullu og skorar ársfundurinn á Alþingi að leiðrétta þennan gjörning í samræmi við samkomulag þar um.

Ársfundur FG styður stjórn Kennarasambands Íslands heilshugar í að leitað verði réttar fyrir félagsmenn KÍ fyrir dómstólum til að tryggja að áunnin réttindi skerðist ekki, verði þess þörf. Ársfundurinn kallar jafnframt eftir því að markviss vinna við útfærslu hefjist hið fyrsta þar sem skoðað verði með hvaða hætti og á hve löngum tíma launajöfnun milli markaða verði náð.

## Bókun 4

Ársfundur Félags grunnskólakennara, haldinn á Flúðum dagana 4. og 5. maí 2017, samþykkir eftirfarandi ályktun:

### **Starfsemi og tilgangur Menntamálastofnunar verði tekin**

#### **til alvarlegrar endurskoðunar**

Ársfundur FG skorar á nýkjörinn mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, að taka starfsemi og tilgang Menntamálastofnunar til alvarlegrar endurskoðunar. Hvert vandamálið og upphlaupið á fætur öðru hefur komið upp frá því að stofnunin var sett á fót. Ábendingar um hvað betur hefur mátt fara, í smáum sem stórum málum, hafa oftast en ekki verið hunsaðar með alvarlegum afleiðingum. Sýndarsamráð er tímaeyðsla og skilar engu.

Ársfundur FG skorar jafnframt á ráðherra að beita sér af þunga fyrir því að raunverulegt samráð um stefnumótun og stefnumörkun í málefnum grunnskólans verði haft við hagsmunaaðila. Það er með öllu óþolandi að hvert stórverkefnið á fætur öðru sé þvingað inn í grunnskóla landsins án samráðs við þá sem eiga að vinna verkin; kennarar og sveitarfélög.

Minnt er á vilja Samband íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara um að taka upp samtal við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Menntamálastofnun um hvernig staðið hefur verið að innleiðingu nýrra verkefna og breytinga í grunnskólum, svo sem á námsmati og aðalnámskrá með að markmiði að bæta verklag svo grunnskólinn geti tekið við verkefnum frá ríkinu og komið þeim í framkvæmd.

Ársfundur FG telur afar mikilvægt að breytingar sem gerðar eru á starfsumhverfi grunnskóla með stjórnvaldsákvörðunum byggist á faglegum grunni og séu unnar í samráði og sátt við hagsmunaaðila – og að fjármagn sé tryggt áður en ráðist er í innleiðingu.

Samþykkt samhljóða.

Ólafur þakkar fyrir góðan og kraftmikinn fund. Fengum það efni sem þurfti til að halda áfram. Hjartað okkar slær í takt. Ef ekkert óvænt gerist hittumst við snemma í haust á samráðsfundi með nefndum. Þakkar fyrir góðan fund og hlý orð.  
Fundu slitið kl. 13:00.

Ritari: Gugga